



Sjálfbærni- upplýsingar vegna eignastýringar og eignaráðgjafar

Upplýsingagjöf á grundvelli 6. og 7. gr. SFDR

Júní 2024

Í þessu skjali er að finna upplýsingar um sjálfbærni í tengslum við eignastýringu og eignaráðgjöf í samræmi við 6. og 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („**SFDR**“), ásamt 7. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu, sbr. lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Arion banka ber að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um hvernig bankinn tekur tillit til **sjálfbærniáhættu** þegar teknar eru fjárfestingarákvarðanir fyrir hönd viðskiptavina eða þegar fjárfestingarráðgjöf er veitt. Hugtakið *sjálfbærniáhætta* eða *áhætta tengd sjálfbærni* er skilgreint sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar. Arion banka er einnig skylt að veita upplýsingar um líkleg áhrif sjálfbærniáhættu á ávöxtun fjárfestinga sem bankinn býður upp á eða veitir ráðgjöf um.

Þá ber bankanum jafnframt að upplýsa viðskiptavini um hvernig bankinn tekur tillit til **helstu neikvæðu áhrifa** sem fjárfestingarákvarðanir bankans hafa á sjálfbærniþætti, þ.m.t. umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál.

Sjálfbærniáhætta í eignastýringu og eignaráðgjöf

Arion banki vinnur að innleiðingu á verklagi til að greina og meta áhættuþætti tengda sjálfbærni áður en fjárfestingarráðgjöf er veitt og fjárfestingarákvarðanir teknar. Greiningin verður unnin samhliða mati á annarri fjárhagslegri áhættu og mun fara fram áður en bankinn veitir fjárfestingarráðgjöf eða tekur ákvarðanir um fjárfestingar fyrir hönd viðskiptavina. Bankinn hugar m.a. að áhrifum raunlægrar áhættu (e. *physical risk*), þ.e. áhættu sem stafar beint af loftslagsbreytingum. Einnig er horft til umbreytingaráhættu (e. *transition risk*), þ.e. vegna breytinga á lögum, viðmiðum eða aðgerðum í tengslum við loftslagsbreytingar, á virði og/eða ávöxtun fjárfestinga. Við mat á sjálfbærniáhættu við fjárfestingu í sjóðum er horft til þess hvort stýringaraðili hafi birt stefnu um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvörðunarferlið. Hafi stefna verið birt er metið hve glögga mynd sú yfirlýsing gefur af ferlinu. Við mat á sjálfbærniáhættu í stökum fjárfestingum er horft til ákveðinna áhættuþátta. Útgefendur eru metnir eftir því *annars vegar* hversu miklar líkur eru á að áhættuþættir tengdir sjálfbærniáhættu eigi sér stað og *hins vegar* hversu mikil áhrif áhættuþáttur hefði á virði fjárfestingar ef hann ætti sér stað án stýringar. Mat á sjálfbærniáhættu er liður í heildstæðu mati á áhættu fjárfestinga og tekur m.a. mið af fjárfestingarmarkmiði viðskiptavinar. Það kemur ekki í veg fyrir fjárfestingu eitt og sér ef henni fylgir sjálfbærniáhætta. Nánari upplýsingar um meðhöndlun sjálfbærniáhættu í fjárfestingarráðgjöf Arion banka er að finna vefslóðinni www.arionbanki.is/sfdr.

Líkleg áhrif sjálfbærniáhættu á ávöxtun

Ef áhættuþáttur tengdur sjálfbærni á sér stað geta áhrif þess verið margvísleg, en líkleg áhrif hverju sinni fara eftir því hvers konar áhættuþáttur um ræðir, og eðli undirliggjandi eignar. Virði tiltekinnar fjárfestingar kann að minnka verulega ef sjálfbærniáhætta raungerist.

Almennt séð má gera ráð fyrir því að áhættuþættir tengdir sjálfbærni hafi meiri áhrif á hlutabréf en skuldabréf. Því má ætla að eignasöfn viðskiptavina séu almennt viðkvæmari fyrir sjálfbærniáhættu eftir því sem vigt hlutabréfa og/eða hlutabréfasjóða er meiri. Þar af leiðandi er hætt við því að sjálfbærniáhætta geti almennt séð haft meiri neikvæð áhrif á ávöxtun eignasafns sem stýrt er í samræmi við fjárfestingarstefnu sem gerir ráð fyrir meiri fjárfestingum í hlutabréfum og/eða hlutabréfasjóðum, samanborið við fjárfestingarstefnur þar sem meiri áhersla er lögð á skuldabréf og skuldabréfasjóði. Að því sögðu er hér er um að ræða almennt viðmið, sem ekki er hægt að heimfæra á hvert einstakt eignasafn.

Helstu neikvæðu áhrif

Eignastýring Arion banka vinnur að innleiðingu verkferla til að meta helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana og ráðgjafar á sjálfbærniþætti. Bankinn mun m.a. notast við 18 lykilmála (e. *mandatory PAI indicators*) sem skiptast í umhverfisþætti og félagslega þætti. Nánari upplýsingar um verklag Arion banka í tengslum við helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti er að finna á vefslóðinni www.arionbanki.is/sfdr. Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti verða gerðar aðgengilegar viðskiptavinum í eignastýringu í reglubundnum skýrslum.

Aðrar yfirlýsingar

Fjárfestingar sem eru undirliggjandi í fjárfestingarstefnunum taka ekki tillit til viðmiðana Evrópusambandsins fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Fjárfestingarstefnur Einkabankaþjónustu Arion banka hafa verið flokkaðar sem 6. gr. fjármálaafurð í skilningi SFDR, og teljast þar af leiðandi hvorki vera fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti né fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði í samræmi við 8. og 9. gr. SFDR.

Útgáfa 1.0

11.06.2024